



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. apríl 2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda, 209. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis frá 17. mars þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. SA hafa talað fyrir einföldun regluverks um árabíl og bent á vannýtt tækifæri til samræmingar innan stjórnkerfisins. Niðurstöður skýrslu VSÓ Ráðgjafar um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum sem unnin var fyrir SA, Samtök iðnaðarins og Samorku sýna að mikil tækifæri liggja í rafrænni þjónustu í opinberri stjórnsýslu sem getur einfaldað samskipti og stýtt afgreiðslutíma og þannig sparað bæði tíma og fjármuni. Þar segir jafnframt að sérstaklega megi ná fram hagræðingu með rafrænum gáttum fyrir flókna stjórnsýsluferla þar sem margir aðilar koma að og ýmis gögn eru lögð fram.

SA fagna þingsályktunartillögunni og styðja að hún verði samþykkt. Með henni er stigið skref í rétta átt. SA taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögnum Samtaka iðnaðarins og Samorku og þá sérstaklega hvað varðar mikilvægi þess að koma á fót einni samræmdri vefgátt stjórnvalda í stað þess að hver stofnun haldi utan um sína rafrænu málsmeðferð.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

